

**Hlutverk:** Leiðbeinandi í leiðbeinendasveitinni

**Tímabil er frá:** nóvember 2021 **til:** nóvember 2023

**Næsti ábyrgðaraðili innan félags:** Verkefnastýra fræðslumála (Katrín Kemp)

**Skyldur og ábyrgð** (Stutt en nákvæm upptalning helstu verkefna)

Undirbúnings- og framkvæmdaraðilar leiðtogaþjálfunarnámskeið á vegum skátanna í samræmi við námsskrá Skátaskólans. Leiðbeinendur í leiðbeinendasveitinni vinna að skipulagi 2-3 námskeiðum á hverju ári, framkvæma námskeiðin og endurmeta þau að þeim loknum.

**Hæfni** (Æskileg reynsla, kunnátta, þjálfun, þekking, menntun eða annað)

Mikil reynsla af skátastarfi, hafa verið foringi eða sinnt annarri ábyrgðarstöðu innan skátahreyfingarinnar og búa yfir góðri samskiptahæfni.

**Aðbúnaður og stuðningur frá félagi** (Aðföng, styrkir, námskeið og annað)

Fá fræðslu og þjálfun frá sérfræðingum af ýmsum sviðum til að efla hæfni þeirra sem leiðbeinendur.

Njóta stuðnings frá verkefnastýru fræðslumála við skipulag, framkvæmd og endurmat námskeiða og geta nýtt efnivið í eigu skátanna á námskeiðum.

**Sérstakar áskoranir** (Allar þættir sem auka flækjustig t.d. langar ferðir, næturvinna o.fl.)

Leiðbeinendur skuldbinda sig til 2 ára þátttöku í verkefninu, þurfa að sækja námskeið og þjálfun sem styður þau í sínu hlutverki og taka frá heilar helgar þar sem þau geta haldið námskeið fyrir skátanna.

**Markmið/mælikvarðar** (Skilgreining á hvað skuli ávinnast eða hverju skal stefnt að)

Meiri stöðugleiki og gæði í námskeiðahaldi á vegum skátanna.

2-3 námskeið á hverju ári sem eru mæld í endurmatskönnun til þátttakenda og ná að meðaltali 7/10.

**Umbun** (Upptalning á þeim hlunnindum sem félagið telur viðkomandi fá vegna hlutverks)

Í Leiðbeinendasveitinni býðst skemmtileg samvera í góðum hópi fólks sem vinnur að sameiginlegum markmiðum ásamt þjálfun sem mun koma að góðum notum bæði í skátastarfi og í eigin lífi. Leiðbeinendasveitinni stendur til boða að fá 40 tíma leiðbeinendaþjálfun og fræðslu- og skemmtiferð með hópnum á hverju ári en stefnt er að ferð erlendis annað hvert ár

**Undirritun:**

Með undirritun gengst viðkomandi við þessu samkomulagi, jafnframt er það staðfesting að viðkomandi hafi fengið skýra kynningu á markmiðum og gildum skátastarfs, þekki og skilji siðareglur, viðbragðsáætlun og stefnu í eineltis- og kynferðisbrotamálum. Samhliða þessu samkomulagi skal viðkomandi undirrita sæmdarheit.

(Það sem tekur hlutverkið að sér - nafn, kennitala og dagsetning)

(Fulltrúi skátafélags - nafn og kennitala og dagsetning)

